

**Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis**

Nefndasvið Alþingis

Alþingishúsið við Austurvöll

101 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 5. desember 2023

E-2023-304/00.11

**Umsögn um frumvarp til laga um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða**

Vísað er til umsagnarbeiðni sem barst frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis þann 22.11.2023 varðandi frumvarp til laga um setningu kílómetragjalds vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða. Landsvirkjun hefur kynnt sér frumvarpið og þakkar tækifærið til umsagnar.

Á undanförunum árum hefur orðið umtalsverð aukning í notkun hreinorku- og tengiltvinnbifreiða og hefur Landsvirkjun skilning á því að stjórnvöld leiti leiða til aukinnar gjaldtöku af notkun þessara bifreiða vegna fjölda þeirra. Þó færa megi rök fyrir því að gjald sé lagt á þessar tegundir umhverfissvænni bifreiða, til að standa undir kostnaði vegna samgönguinnviða, þarf að gæta þess að missa ekki sjónar á stóru myndinni. Mikilvægt er að hafa áfram í huga metnaðarfull áform stjórnvalda í loftslagsmálum ásamt alþjóðlegum skuldbindingum um árangur, s.s. vegna Parísarsáttmálans. Innlend orkuskipti eiga þar lykilþátt í árangri.

Mikilvægt er að hvatar til kaupa og notkunar umhverfissvænni bifreiða verði áfram til staðar. Mætti þar nefna áframhaldandi efnahagslega hvata fyrir kaupendur hreinorkubíla, kolefnisgjöld og fyrirhugað bann á nýskráningu bensín- og díselbíla árið 2030. Tryggja þarf að kostnaðarmunur hvetji fólk til að kaupa og nota hreinorkubíla í stað bensín- og díselbíla.

Að lokum hvetur Landsvirkjun til þess að kynna sem fyrst fyrirkomulag þeirra ívilnana sem munu taka við af virðisaukaskattsafslætti hreinorkubíla, sem fellur út um áramótin 2023/2024, ásamt útfærslu úthlutunar úr Orkusjóði.

Virðingarfyllst,

**Kristín Linda Árnadóttir**

Aðstoðarforstjóri

**Þórólfur Nielsen**

Forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni